

Rýmingaráætlun

Táknafjarðarskóli



Birt á heimasíðu í ágúst 2020
Næsta endurskoðun í júní 2022

Rýmingaráætlun Tálknafjarðarskóla

Neyðarútgangar og flóttaleiðir

- Kennslustofur grunnskóla
 - við aðalinngang grunnskóla
 - eða austurdyr við bókasafn
- Leikskóli
 - við vesturdyr leikskóla – inngang Krílakots
 - við norðurdyr – inngang Krakkakots
- Tónlistarskóli, bókasafn og samkomusalur
 - austurdyr við bókasafn
- Matsalur á efri hæð
 - norðurdyr á efri hæð við eldhús
- Kennarastofa, skrifstofa skólastjóra og kaffistofa
 - við starfsmannainngang á norðurhlíð
 - eða norðurdyr á efri hæð við eldhús
- Gluggar í kennslustofum merktir sem útgönguleið

★ **Athuga að velja skal öruggustu leið út miðað við aðstæður !!**

Slökkvitæki:

- Neðri hæð:
 - Við inngang í grunnskólaálm
 - Inn í bekkjarstofum grunnskóla
 - Við ræstikompu
 - Inn í eldhúsi leikskóla
- Efri hæð
 - Við stiga
 - Í kaffistofu
 - Í matsal

Brunaslöngur:

- Við austurdyr hjá samkomusal

Söfnunarsvæði Tálknafjarðarskóla

- Söfnunarsvæði 1: Grasflöt fyrir framan skólann
- Söfnunarsvæði 2: Ípróttamiðstöð Tálknafjarðar, ípróttasalur

Rýmingaráætlun Tálknafjarðarskóla

Rýmingaráætlun – Skólastjóri eða öryggisfulltrúi í fjarveru skólastjóra

- Stjórnandi fer að stjórnöflu brunaviðvörðunarkerfis og athugar hvaðan boðið kemur
- Skólastjóri hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef eldur hefur komið upp
- Stjórnandi fer yfir starfsmannalista og kannar hvort allir starfsmenn hafi skilað sér
- Stjórnandi fylgir því eftir og lætur forsvarsmann slökkviliðsins vita hvort allir hafi skilað sér út úr byggingunni
- Ef nemendur og starfsfólk komast ekki aftur inn í skólann að stuttum tíma loknum gefur stjórnandi merki um að öllum sé safnað saman á söfnunarsvæði 2: íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar, við inngang heimilisfræðistofu

Rýmingaráætlun - kennarar/hópstjórar leikskóla

- Kennarar undirbúa nemendur fyrir rýmingu kennslustofu
- Nemendur fara í röð við útgang í stafrófsröð
- Kennari athugar hvort að leið sé greiðfær og tekur með sér nafnalista
- Nemendur ganga ef enginn reykur en skriða ef það er reykur í röð á eftir kennarar sínum (ekki hlaupa)
- Sá sem fer síðastur út úr stofunni, sér um að loka hurðinni á eftir sér
- Kennari fer með nemendur á söfnunarsvæði 1: grasflöt fyrir framan skólann, nemendur standa í stafrófsröð og kennari fer yfir nafnalista og lætur stjórnanda vita hvort að allir sem eru í hans ábyrgð séu komnir út
- Kennari býður eftir næstu boðum frá stjórnanda:
 - Ef öruggt er að snúa aftur í skólann þá fer kennari með alla nemendur yfir í skólann
 - Ef nemendur komast ekki aftur inn í skólann að stuttum tíma loknum þá fer kennari með alla nemendur yfir á söfnunarsvæði 2: íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar í gegnum inngang heimilisfræðistofu

Rýmingaráætlun – sérkennari, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, matráður

- Sérkennari fer út um aðalinngang grunnskóla
- Skólaliði velur flóttaleið miðað við staðsetningu í byggingunni
 - Skólaliði kannar áður en hann fer út hvort að einhver nemandi sé á vegi hans og aðstoðar hann við að fara út og sér til þess að hann komist í viðeigandi bekkjarhóp
 - Þegar út er komið fer skólaliði í leikskólagarðinn og aðstoðar við að koma nemendum leikskólans yfir á söfnunarsvæði 1
- Stuðningsfulltrúar fylgja sínum hóp út og vinna samkvæmt fyrirmælum kennara hópsins
- Matráður fer út við norðurdyr á efri hæð við eldhús eða aðra flóttaleið miðað við staðsetningu í byggingunni

Rýmingaráætlun Tálknafjarðarskóla

Ábyrgðir:

- Stjórnandi og öryggisfulltrúi:
 - Sjá um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvibúnað og útgönguleiðir.
 - Bera ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári.
 - Sjá um að haldnar séu tvær rýmingaræfingar á hverju ári, ein fyrirfram ákveðin og þá er rýmingaráætlun kynnt, yfirfarin og endurskoðuð eftir þörfum, svo ein án vitundar annarra til að kanna raunveruleg viðbrögð
 - Skal vera á svæðinu þegar slökkvilið kemur til að að upplýsa hvort rýmingu sé lokið og hvar eldur kom upp
 - Sjá til þess að hringt sé í alla foreldra til að láta vita um stöðuna
 - Bera að sjá um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar
- Kennarar:
 - Bera ábyrgð á þeim hópi sem þeir eru að kenna þar til komið er á söfnunarsvæði 1
 - Hópstjórar og umsjónarkennarar (eða staðgenglar þeirra) skulu merkja við nöfn barna þegar komið er út
- Allir starfsmenn
 - Bera ábyrgð á að kynna sér rýmingaráætlun skólans og taka virkan þátt í æfingum
 - Bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið
 - Ber að tilkynna stjórnanda ef boð um eld/bilun verður í kerfinu

Rýmingaráætlun Tálknafjarðarskóla

Gátlisti kennara og leikskólakennara vegna rýmingaráætlunar

Kennarar og leikskólakennarar

- Vita hvernig á að bregðast við viðvörunarbjöllu
- Vita hvar á að safnast saman
- Vita hvað á að gera þegar út er komið
- Æfa nemendur í viðbrögðum þegar viðvörunarbjalla hringir
- Skipuleggja flóttaleið

Hvað þarf að vera klárt í stofunni

- Uppfærður nafnalisti
- Skóhlífar/sokkahlífar

Hvað þurfa nemendur og leikskólabörn að vita

- Hvers vegna er verið að æfa viðbrögð
- Hvernig á að bregðast við brunabjöllunni
- Hvað á að taka með sér (skór, yfirhafnir o.fl.)
- Hvaða leið á að fara út. Ræða flóttaleiðir og kynna þeim þær
- Hvar á að safnast saman
- Að halda sig á merktu svæði þar til að hættuástand eða æfingu er lokið

Kynning fyrir nemendur og leikskólabörn

- Að þekkja hljóð úr brunaboða
- Kunna að bregðast rétt við
- Þekkja öruggustu flóttaleiðina og kynnst þeim
- Vita ef að viðvörunarbjallan fer í gang og þagnar fljótlega eftir að hún fer að stað, þá er um bilun eða gabb að ræða
- Vita að fari bjallan í gang og stöðvist ekki er hætta á ferð og rýma þurfi húsið

Brunaviðvörðunarkerfi gefur boð

ALLIR

Fara út um
greiðfærustu flóttaleið á
söfnunarsvæði

LYKILSTARFSMENN

Tryggja rýmingu
og meta ástand.
Upplýsa stjórnanda.

STJÓRNANDI

Fer að stjórnstöflu og
aðgætir boðin.
Aflar upplýsinga.

FALSBOD

Tryggt ástand.

Stöðva bjöllur.

Hringja í vaktstöð.

Gefa upplýsingar um atvikið.

Atvikið skráð í þjónustubók.

ELDUR

Ótryggt ástand.

Hringja í **112**.

Slökkva eld ef öruggt er,
lágmarka tjón. Aðstoð við fólk.
Finna húsaskjól.

Stjórnandi eða staðgengill
tekur á móti slökkviliði.

Aðgerðir undir stjórn
slökkviliðs.

